



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

27. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 22. ágúst 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HÁRNINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Íbúum í Garðabæ fjölgar hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu



Framkvæmdir í Hnoðraholti eru komnar á fullt og mikil uppbygging framundan

Garðabær bera höfuð og herðar yfir nágrannasveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að hlutfallslegri fjölgun íbúa á tímabilinu frá 1. desember 2023 til 1. ágúst 2024 samkvæmt Þjóðskrá.

Íbúum í Garðabæ fjölgaði um 3,5% á þessu átta mánaða tímabili eða um 691 íbúa. Þar á eftir kemur Hafnarfjörður og Mosfellsbær með íbúafjölgun upp á 2,3%, en í Hafnarfirði fjölgaði íbúum um 717 og í Mosfellsbæ um 323. (Sjá framhald á blaðsíðu 2).

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



Grillvörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar

YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON
MEIRA NZES - MEIRA GOTT

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND

FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfmán
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Staphrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



128.000.000 kr. áætlaðar til niðurgreiðslu á skólamáltíðum, en það dugar ekki til

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir skólaárið 2024/2025

Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs kynnti drög að minnisblaði um gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Garðabæ þ.m.t. verkferla vegna afgreiðslu skólamáltíða skólaárið 2024-2025 á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Á fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024 eru 128.000.000 kr. áætlaðar til niðurgreiðslu á skólamáltíðum. Ljóst er að kostnaður Garðabæjar verður meiri en gert er ráð fyrir í áætluninni. Umfang skýrist þegar fjöldi skráninga barna í skólamáltíðir liggur fyrir.

25%. Forráðamenn þurfa samt að skrá börn sín eftir sem áður í mataráskrift.

Mataráskrift fellur niður ef hún er nýtt minna en 50% á mánuði

Verði mataráskrift barns nýtt minna en 50% í mánuði, þá falli áskrift barnsins sjálfkrafa niður næsta mánuð á eftir til að stemma stigu við matarsóun. Forráðamenn barnsins bera þá ábyrgð á að skrá barnið í mataráskrift að nýju.

Framlög til Garðabæjar vanáætluð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur tæplega 100 börnum

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verða framlög til Garðabæjar vegna skólaársins 2024-2025 vanáætluð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur tæplega 100 börnum miðað við fjölda nemenda haustið 2024 og um 9% að auki vegna lægri gjaldskrár ríkisins fyrir máltíðir en skólamáltíðir í Garðabæ kosta í raun.

Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að gæta hagsmuna Garðabæjar gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að sjóðurinn greiði Garðabæ í samræmi við raunkost-



Boðið verður upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Garðabæ í vetur eins og í öðrum sveitarfélögum.
Mynd: Pexels/Yan Krukov

að skólamáltíða og raunfjölda nemenda í þjónustunni. Þá fól bæjarráðs sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að halda utan um þann kostnað sem til fellur vegna málsins, nýtingu áskrifta, umfang matarsóunar og greina þannig nákvæmlega hvernig innleiðing gjaldfrjálsra skólamáltíða tekst í grunnskólum Garðabæjar. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs á að gera skólanefnd grunnskóla og bæjarráði grein fyrir því hvernig til hefur tekist þegar reynsla er komin á málið og stuðli jafnframt að umræðu innan skólasamfélagsins um óáskilleg áhrif matarsóunar.

Afgreiðsla gjaldfrjálsra skólamáltíða getur hafist við upphaf skólaársins 2024-2025 og verða forráðamenn upplýstir fyrir skólaþyrjun um fyrirkomulag skólaársins.

Samkvæmt breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir auknu fjárframlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða.

Bæjarráð hefur samþykkt innleiðingu gjaldfrjálsra skólamáltíða í Garðabæ miðað við að Jöfnunarsjóður f.h. ríkissjóðs beri 75% af áðurgildandi kostnaði foreldra við mataráskrift grunnskólabarna og Garðabæ

Framhald af forsiðu Íbúum í Garðabæ fjölga hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær í forystusæti á næstu árum

Minnsta fjölgunin var á Seltjarnarnesi þar sem íbúum fjölgaði um 0,6% eða um 30 íbúa. Íbúum Reykjavíkurborgar fjölgaði um 2.149 íbúa á tímabilinu, eða um 1,5% og íbúum Kópavogsbæjar fjölgaði á sama tímabili um 715 íbúa, eða 1,8%.

Garðbæingar orðnir 20.185

Samkvæmt Þjóðskrár þjuggu 20.185 íbúar í Garðabæ þann 1. ágúst sl., en fyrir um fimm árum síðan, þann 1. desember 2019, voru íbúar í Garðabæ 16.924 talsins. Þeim hefur því fjölgað um 3.261 á þessum tímabili.

Garðabær í forystusætinu er kemur að uppbygginu

Það má reikna með að Garðabær muni halda forystusætinu áfram á næstu mánuðum og jafnvel árum þar sem mikil upp-



Í Vetrarmýri er jarðvegsvinna hafin við annað fjölbýlishús

bygging á sér stað í bæjarfélaginu eins og greint verður frá í Garðapóstinum í næstu viku.

Þessar tölur eru byggðar á skráningu Þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi.

SKÓLABYRJUN HAUSTIÐ 2024

Grunnskólar í Garðabæ verða settir fimmtudaginn 22. ágúst nk.

Skólasetning og/eða skólaboðun fyrir nemendur og foreldra er auglýst á heimasíðum skólanna.

Þar er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi skólastarfið.

Vefir grunnskóla Garðabæjar:

www.alftanesskoli.is

www.flataskoli.is

www.gardaskoli.is

www.hofsstadaskoli.is

www.internationalschool.is

www.sjalandsskoli.is

www.urridaholtsskoli.is

www.bskgbr.hjalli.is



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

VATNSLEIKFIMI

SUNDLAUGINNI SJÁLANDSSKÓLA Í GARÐABÆ

KRÖFTUGIR TÍMAR FYRIR ALLAR KONUR

NÁMSKEIÐ HEFJAST MÁNUDAGINN 2. SEPTEMBER

MÁNUDAGA OG MIÐVIKUDAGA KL. 18:15

ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA KL. 18:20

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING

birna@likamsraekt.is

s. 891-8511



NÝ DAGSKRÁ KOMIN ÚT!

HAUST 2024

BÓKASAFN
GARÐABÆJAR

TÓNLISTARNÆRING

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA

MINJAGARÐURINN
HÖFSTÖÐUM

HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS

MIENNING Í
GARÐABÆ



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 29. ágúst

Síðasti skiladagur föstudaginn 23. ágúst.

valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

K.C.® - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málaramestari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

691 íbúð í byggingu eða í byggingaráformi í Garðabæ

Alls eru nú 7.222 íbúðir í byggingu um land allt og fjölgar þeim um tæplega 200 frá síðasta mánuði. Líkt og undanfarna mánuði eru um 60 prósent af íbúðum í byggingu staðsett á höfuðborgarsvæðinu og um fjórðungur í sveitarfélögum í nágrenni þess. Þetta kemur fram í mælaborði íbúða í byggingu, sem finna má á heimasíðu HMS.

Í Garðabæ eru samtals 691 íbúð í byggingu og byggingaráformi, 165 þeirra er lokið eða verða teknar í notkun á þessu ári.

Mælaborð fyrir íbúðir í byggingu birtir samantekin gögn og tölningar fyrir íbúðarhúsnæði úr Mannvirkjaskrá HMS. Í mælaborðinu eru birtar upplýsingar um íbúðir í byggingu, byggingaráform og fullbúnar íbúðir, eftir tegund húsnæðis, stærðarflokkun og framvindu.



Mikil uppbygging á sér staða á Álfanesi um þessar mundir

Mikilvægt að finna fyrir stuðningi og hvatningu frá þjálfurum og umhverfinu sem æft er í

- segir Aðalheiður Jensen eigandi Tilverunnar Heilsusetus sem hefur opnað á Garðatorgi

Tilveran Heilsusetur er nýtt, lítið og hlýlegt heilsu stúdíó sem opnaði á Garðatorgi í Garðabæ á dögunum.

Eigandi staðarins, Aðalheiður Jensen, bauð af þessu tilefni í létt opnunartýpi sl. föstudag, en það má segja að Tilveran Heilsusetur sé byggt á gömlum grunni því Aðalheiði bauðst að taka við rekstri Rope yoga setursins af Guðna Gunnarsyni.

Stökk á tækifærið

„Í maí síðastliðnum komu þau hjón, Guðni og Guðlaug, að máli við mig og buðu mér að taka við rekstri Rope yoga á Garðatorgi og ég stökk á þetta frábæra tækifæri. Ég er afar þakklát Guðna að treysta mér fyrir barninu sínu, en á tæplega þrem mánuðum hef ég tekið rýmið algjörlega í gegn og skapað ákaflega fallega umgjörð fyrir framtíðariðkendur Tilverunnar,“ segir Aðalheiður sem hefur auk þess bætt við helling af nýjum tímum og námskeiðum sem verða í boði í Tilverunni í haust.

Aðalheiður segir að í Tilverunni Heilsusetri sé leitast við að finna jafnvægi milli líkama og huga og því er umhverfið bæði hvetjandi og slakandi. „Mjúk lýsing, jarlitiir og notalegt andrúmsloft sem lætur þér líða vel. Þetta er staður þar sem þú getur slakað á og fært athyglina inn á við jafnt og tekið á því og fært athyglina í líkamann,“ segir hún.

Verkfæri sem hjálpa þér að taka ábyrgð á eigin heilsu


„Við trúum því að heilsurækt snúi að fleiru en því að láta sér líða vel í eigin skinni. Það er ekki síður mikilvægt að þú upplifir þig velkominn, finnr fyrir stuðning og hvatningu frá þjálfurum og umhverfinu sem þú



Aðalheiður ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Magnússyni og elstu dóttur sinni og þjálfara í Tilverunni, Alexöndru Mekkin

æfir í. Það að styrkja og virkja líkamann í gegnum hreyfingu hefur einnig valdeflandi áhrif sem skilar sér í auknu sjálfstrausti. Þú öðlast betri tengingu við líðan þína og færð verkfæri sem hjálpa þér að taka ábyrgð á eigin heilsu,“ segir Aðalheiður.

Boðið er upp á fjölbreytt námskeið í Tilverunni Heilsusetur þar sem unnið er með



liðleika, styrk og hreyfanleika líkamans. Einnig er boðið upp á einkatíma í Dansmeðferð, styrktarþjálfun sem streitustjórnun og stoðkerfisgreiningu.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á: tilveranheilsusetur.is



HAUSTÖNNN 2024

HEFST 9. SEPTEMBER



Reykjavík
Vesturbær
Grafarholt

Garðabær
Ásgarður

Kópavogur
Sporthúsið



DANSDEILD - SÖNGLEIKJADEILD - TÆKNITÍMAR -
BARNADANSAR - DANSKEPPNIR - DANSFERÐIR - TÆKIFÆRI

 www.dansskolibb.is

 [dansskolibb](https://www.instagram.com/dansskolibb)

 [Danskóli Birnu Björns](https://www.facebook.com/DanskoliBirnuBjorn)

Litla Laugavegshlaupið í Heiðmörkinni

Utanvegahlaupið Garmin Eldslóðin verður haldið laugardaginn 14. september við Vífilstaði

Utanvegahlaupið Garmin Eldslóðin verður haldið laugardaginn 14. september næstkomandi við Vífilstaði í Garðabæ. Eldslóðin er eitt af vinsælustu utanvegahlaupum landsins enda hlaupið um gríðarlega fallegar náttúruperlur alveg við borgarmörkin. Þetta er síðasta stóra utanvegahlaup sumarsins og það verður sannkölluð hlaupaveisla við Vífilstaði með matarvögnum, tónlistarflutningi og skemmtilegustu utanvegahlaupurum landsins.



Andrea Kolbeinsdóttir margfaldur Íslandsmeistar í hlaupum

afreks hlauparann Andreu Kolbeinsdóttur sem lét þau orð falla um hlaupið í fyrra þegar hún sigraði kvennaflokk hlaupsins. Eldslóðar brautin er hönnuð af Friðleifi Friðleifssyni umsjónarmanns landsliðs utanvegahlaupara Íslands. Brautin verður vel merkt og vöktuð. Millitímar verða teknir í brautinni til að auka upplýsingaflæði og um leið öryggi keppenda.

Kári Steinn á brautarmeti í fyrra

Ólympiufarinn Kári Steinn Karlsson mætti óvænt til leiks í fyrra, sigraði kartaflokkinn og gerði sér lítið fyrir og setti nýtt brautarmet á tímanum 01:55:34 og bætti metið því um tæpar sex mínútur. „Ég var búinn



að hafa hægt um mig í hlaupunum og var ekki í góðu formi. Ég er kominn af léttasta skeiði en mér finnst gaman að taka stífar æfingar og er fyrst og fremst að hafa gaman. Það er engin pressa og engin sérstök markmið,” sagði Kári þegar hann tók við verðlaununum í fyrra.

Tvær veglengdir

Hægt er að hlaupa 10 km eða 29 km. Lengri brautin er frá Vífilstöðum í Garðabæ, að Vífilstaðavatni, inn að Búrfellsgjá, þar upp að Helgafelli og aftur til baka að Vífilstöðum. Brautin er hugsuð þannig að hún sé áskorun fyrir lengra komna en um leið falleg og auðfarin, með minni hækkan en gengur og gerist í stóru utanvegahlaupunum. Þá er líka hugsuð styttri keppnisbraut með það að leiðarljósi að í lok sumars geti þetta verið skemmtilegt hlaup þar sem byrjendur og lengra komnir geti átt frábæran dag saman í Heiðmörkinni.



Stemningin er ávallt góð í Garmin Eldslóðarhlaupinu

KYNNINGARDAGUR Í JÓNSHÚSI

FIMMTUDAGINN 22. ÁGÚST
KL. 13.00-14.30

Jónshús og Félag eldri borgara í Garðabæ, blása til kynningardags þar sem fram fer kynning á hreyfidagskrá haustsins, námskeiðum í Smiðju og dagskrá í Jónshúsi.

Leiðbeinendur í hinum ýmsu námskeiðum verða á staðnum til þess að svara spurningum gesta og hægt verður að skrá sig á námskeið.

Að venju verða gómsætar kaffiveitingar til sölu og hvetjum við alla til þess að mæta í Jónshús og eiga notalega stund.



Bæjarmolar

Garðabær greiðir rúmlega 14 milljónir aukalega í Strætó



Strætó bs sent inn erindi til bæjarráðs vegna auka rekstrarframlags vegna hækkanar kostnaðar við aðkeyptan akstur. Í erindinu segir að fyrir hefði legið kostnaðaráætlun útboðs um aðkeyptan akstur, að tilboðsverð yrðu hærri en fjárhagsáætlun 2024 gerði ráð fyrir.

Á eigendafundi Strætó 3. apríl 2024, var því beint til stjórnar strætó að óska eftir því við aðildarsveitarfélög að gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun þeirra, til að fjármagna þann mismun sem fyrirséður er á samþykktri fjárhagsáætlun vegna aðkeypts akstur og endanlegri niðurstöðu samkvæmt útboði.

Kostnaður umfram áður samþykktá fjárhagsáætlun er áætlaður 188.000.000 kr.

Hlutfall framlags Garðabæjar, er 7%, eða kr. 14.069.412.



HANNES STEINDÓRSSON

Löggiltur fasteignasali

Sími **699 5008**

hannes@fastlind.is

20 ÁRA REYNSLA

Það seljast fasteignir á hverjum
degi þrátt fyrir markaðsaðstæður.

Eignin þín gæti verið ein þeirra. Það þarf mikla reynslu
til að vinna við þær aðstæður sem eru í dag.



Sparaðu með Vildarkorti Lindar

Allir kaupendur og seljendur
fá Vildarkort Lindar sem veitir

30% afslátt

hjá eftirfarandi fyrirtækjum



LIND
FASTEIGNASALA



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flígger:** 30% afsláttur af allri innimálingu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsamíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. Ekki er veittur afsláttur af Philips HUE og tilboðsvörum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 | Sími 510 7900
fastlind.is | nyjaribudir.is

Horfum í augun og hlustum - skólabyrjun

Grunnskólar Garðabæjar verða settir í dag, fimmtudaginn 22. ágúst, en alls verða um 2650 börn í grunnskóla Garðabæjar. Skólabyrjun er spennandi, eftirvænting og óryggi geta kallast á í hugum nemenda. Við búum svo vel að eiga sterka, framsækna og öflugra grunnskóla sem halda vel utan um nemendahópinn okkar. Bærinn fer stækkandi og skólasamfélagið líka. Þar bjóðast spennandi tækifæri fyrir kennara, leiðbeinendur, skólaliða og starfsfólk frístundaheimila.



Sigríður Hulda, bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar grunnskóla

Virðum starf kennarans
Í Garðabæ er öflugt skólasamfélag sem einkennist af fagmennsku og metnaði. Skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skapa þetta umhverfi og gera það vel. Við þurfum áfram að standa vörð um skólana okkar og efla starf þeirra enn frekar. Gætum þess að virða starf kennarans, hrósa fyrir það sem vel er gert og tala ætíð af virðingu um skólann og kennara við barnið. Hrós kostar ekkert en skilar oft miklu. Ræðum beint við kennara eða stjórnendur skólans um það sem hugsanlega má betur fara. Rödd foreldra skiptir máli og sterk tengsl foreldra við skóla barnsins eru afar mikilvæg.

Hagsmunir barnsins
Skólinn er vinnustaður barnsins, öll upp-vaxtarárin frá bernsku og fram á unglingsár. Við þekkjum vel hve mikilvægt það

er að líða vel í vinnunni, hlakka til að koma þangað að morgni. Það sama gildir um barnið. Það er afar brýnt að því líði vel í skólanum, það njóti sín og gangi til skóla af gleði að morgni. Á sama hátt og við förum yfir skólubúnaðinn í töskunni þurfum við að gæta vel að því hvað tryggir velliðan barnsins í skólanum. Spyrjum barnið og sýnum líðan þess áhuga, stöndum vörð um hagsmuni og möguleika þess til þroska og velliðunar.

Skólahúsnæði
Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið gerðar miklar endurbætur á skólahúsnæði bæjarins sem nú sér fyrir endan á. Í Flata-skóla, Hofsstaðaskóla og Álfanesskóla

hefur margt verið endurnýjað og loftgæði stórbætt. Í Garðaskóla er enn unnið að endurbótum í góðu samstarfi við skólasamfélagið. Þar verða áfram framkvæmdir í vetur sem raska þó ekki skólstarfi. Nýjasti skólinn, Urriðaholtsskóli, heldur áfram að vaxa og dafna með stækkandi hverfi. Annar áfangi skólans var tekinn í notkun í vetur og framkvæmdir við þann þriðja eru þegar hafnar.

Samskiptasáttmáli Garðabæjar
Í vetur hefja skólarnir innleiðingu á Samskiptasáttmála Garðabæjar. Megin markmið sáttmálans er að þjálfa börn í góðum samskiptum, auka öryggi og velliðan í námi og leik ásamt því að takast á við ágreining. Samskiptasáttmálinn byggir á markvissri þjálfun allra nemenda í góðum samskiptum. Leiðarljós samskiptasáttmála Garðabæjar er að auka velliðan, velferð, lífsgæði og heilsu barna.

Með þessu er á markvissan hátt stuðlað að jákvæðum samskiptum og aukinni þekkingu barna, forráðafólks og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Með aukinni þekkingu og markvissri þjálfun eiga hlutaðeigendur að geta brugðist við, vita hvert skal leita og hvernig er unnið úr málum.

Nemendastýrð foreldraviðtöl
Þá verður í vetur og þann næsta haldið áfram með innleiðingu og fræðslu um nemendastýrð foreldraviðtöl sem hafa gengið

mjög vel og nemendur hafa tekið þátt í af krafti. Markmið nemendastýrðra foreldraviðtala er meðal annars að virkja nemendur enn betur varðandi eigin markmiðssetningu í námi, mat á stöðu og framtíðarsýn.

Fræðsla
Kennarar fá fræðslu um ofbeldi og hegðunarvanda og hinsegin fræðsla býðst starfsfólki og nemendum. Þá munu umsjónarmenn frístundaheimilanna fara á námskeið sem styrkir þá í starfi sínu á frístundaheimilunum.

Þróunarverkefni skólanna
Í Garðabæ búum við svo vel að hafa metnaðarfullan þróunarsjóð sem styrkir starfsfólk skólanna, en í vetur fara 10 ný þróunarverkefna af stað í grunnskólum Garðabæjar til viðbótar við þau sem eru þegar í gangi. Þar má sem dæmi nefna; Lærdómsferðir í Flataskóla, Velferðarkennslu í Álfanesskóla, verkefni tengt móttöku nemenda með erlendan uppruna í Urriðaholtsskóla, Lífandi dýr í Sjálandsskóla og fleira. Í verkefninu Betri Garðabær hlaut verkefni sem snýr að næðisrýmum fyrir nemendur einnig brautargengi og mun innleiðing á því hefjast í vetur.

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir
Síðast en ekki sist má nefna að skólamáltíðir verða gjaldfrjálsar frá og með haustinu. Forráðafólk þarf að skrá börn sín eftir sem áður í mataráskrift. Verði

mataráskrift barns nýtt minna en 50% í mánuði, þá fellur áskrift barnsins sjálfkrafa niður næsta mánuði á eftir til að stemma stigu við mataróun. Forráðamenn barnsins bera þá ábyrgð á að skrá barnið í mataráskrift að nýju vilji þeir nýta hana.

Stuðningur við skólubarnið
Einn besti stuðningur sem hægt er að sýna barni er einlægur áhugi, kærleikur og heilbrigð mörk í uppleði. Spyrja, gefa sér tíma, ræða málin, horfa í augun og hlusta. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar en til að börn nái tökum á lestri þurfa þau mikla æfingu heima og í skólanum. Heimanám þarf að vera hluti af heimilislífinu, það tekur tíma og orku og þarf því að komast inn í skipulagið. Hvenær, hvar og með hverjum? Þetta þarf að ræða og skipuleggja. Streita í krugum heimanám síðustustu er slæm upplifun sem þarf að vera undantekning en ekki reglan. Þá er vert að hafa í huga að mikil notkun snjallsíma og tölvu vinnur gegn velliðan, hvíld og einbeitingu.

Skólabyrjun er tækifæri og áskorun. Stjóðum vel við börnin okkar, á heimilinu sem foreldrar og ættingjar, í skólunum sem fagmenn og umsjónaraðilar og í tómstundunum sem þjálfarar og ábyrgðaraðilar. Garðabær er bær þar sem bæjarbúar láta sér annt hver um annan - látum okkur einkum annt um unga fólk okkar sem þarf stuðning og jákvæða athygli.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar grunnskóla

Upphaf skólstarfs - skólubörn á ferð - Ökumenn, förum varlega í umferðinni

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á TILBOÐSVERÐI AÐEINS **43.990 KR.**

(Eingreiðsla, nota þarf Garðakortið sem aðgangskort)

Árskort eldri borgara og öryrkja aðeins 29.990 kr.
Grunnskólaárskort aðeins 29.990 kr.



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með íþróttافرæðingi sem kennir á tækin og útbýr sérsniðna æfingaáætlun.

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Álftaneslaug,
kortið gildir einnigí sund í Sundlaug Garðabæjar

GYM heilsa

Hægt er að fara í aðrar GYM heilsu stöðvar utan Garðabæjar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Álftaneslaug / sími 550 2350

Garðabær hefur skapað sér sérstöðu meðal annarra sveitarfélaga með mikilli og góðri þjónustu

- segir Haraldur Björnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Garðatorgs eignamiðlunar

Eftir frekar rólegt ár á fasteignamarkaði í fyrra hefur líf verið að færast aftur í markaðinn í ár þrátt fyrir að verbólga haldist enn nokkuð há og stýrivextir hafi ekki lækkað sem af ári eins og sérfræðingar margir hverjir reiknuðu með. Í mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem kom út í júlí kemur fram að fasteignamarkaðurinn hafi verið líflægur þriðja mánuðinn í röð og íbúðaverð hafi hækkað um 4.9% samhliða aukinn veltu á markaði, en í heildina hefur íbúðaverð hækkað um 12,2% sem af er ári.

Garðapósturinn forvitnaðist aðeins um stöðuna á fasteignamarkaðinum, en Garðabær hefur verið duglegur að bjóða út lóðir undir íbúðabyggingum í bæjarfélaginu á síðustu tæpum tveimur árum, fjöldi tilboða hefur borist í hverja lóð og verðin fyrir byggingarétt lóða verið að sama skapi há.

Það hefur því mikil uppbygging átt sér stað í Garðabæ á síðustu misserum og sjálfsgagt hefur aldrei verið eins mikið byggt í sveitarfélaginu en um þessar mundir. Vel á annað hundruð íbúða rís nú á Álftanesi, enn er byggt af krafti í Urriðaholti þótt styttest í ákveðin endapunktur þar eftir mikla uppbyggingu á síðustu árum, þar sem reiknað er með 4500 íbúum í fullbyggðu hverfi. Þá er uppbygging hafin í Hnoðraholti sem mun vara næstu árin og sömu sögu er að segja um Vetarmýri þar sem fyrsta fjölbýlishúsið af mörgum rís um þessar mundir og jarðvegsvinna er hafin fyrir næsta fjölbýlishús. Þá er myndarleg uppbygging í Eskiás í Garðabæ svo fátt eitt sé nefnt.

Garðapósturinn heyrði hljóðið í Haraldri Björnssyni, framkvæmdastjóra og eiganda



Flatir í Garðabæ hafa löngum verið eftirsóttar

Garðatorgs eignamiðlunar, sem er með starfsstöð að Lyngási 11 í Garðabæ, en hjá fasteignasölnunni starfa starfsmenn með áratuga reynslu úr viðskiptalífni og mikla þekkingu á fasteignamarkaðinum.

Það er ekki langt síðan að Haraldur tók við rekstri fasteignasölnunnar eftir að hafa unnið hjá Garðatorgi eignamiðlun í nokkur ár. Garðapósturinn spurði Harald, sem varði mark Stjórnunnar í knattspyrnu við góðan orstyr í mörg ár, hvernig það hafi komið til að hann tók við Garðatorgi eignamiðlun? „Það vildi þannig til að Sigurður Tyrtingsson einn af stofnendum Garðatorgs eignamiðlunar vildi minnka við sig á rekstrarhlíðinni og einbeita sér meira að sölumennsku. Ég kom því inn í reksturinn og sé um samningagerð og daglegan rekstur.“

Bjóða viðskiptavinum og sölumönnum hagstæðari þóknun Garðatorg eignamiðlun var löngum með starfsstöð sína á Garðatorgi en þið eruð nú komin í Lyngás 11 í

Garðabæ? „Við vildum gera breytingar og minnka rekstrarkostnað. Fasteignasala hefur breyst svo mikið síðan ég byrjaði fyrir 7 árum. Það kemur örsjaldan fyrir að fólk labbi inn af götunni heldur fer þetta mikið fram í gegnum internetið og síma. Við minnkuðum því rekstrarkostnaðinn og viljum á móti bjóða viðskiptavinum og sölumönnum hagstæðari þóknun.“

En hvað segir þú um fasteignamarkaðinn í dag? Hann viðrist vera að glæðast miðað við mánaðarskýrslu HMS í júlí, þrátt fyrir háa verðbólgu og vexti. Finnið þið fyrir þessari auknu sölu? „Fasteignamarkaðurinn er líflægur núna, það eru skiptar skoðanir á því hvað veldur. Margir eru vongóðir um að vextir fari lækkandi og trúna því að fasteignaverð muni hækka í kjölfarið og vilja vera á undan því. Svo er það hringrás lífsins einnig sem heldur fasteignamarkaðnum gangandi. Ungt fólk kemur á markaðinn, fjölgar sér, fólk skilur og tekur saman. Eldra fólk vill komast í þægilegra húsnæði o.s.frv. Og auðvitað hefur það svo gríðarleg áhrif

þegar heilt bæjarfélag eins og Grindavík þarf að fara af stað og finna stað til að búa á og ekki eru til nýbyggingar fyrir þau öll og þá er aflegan af þeim.“

Vantar helst ódýrar litlar íbúðir inn á markaðinn
En miðað við háa verðbólgu og vexti er þá ekki mjög erfitt fyrir unga fólk og fyrstu kaupendur að koma inn á markaðinn eða hvað? „Það er mjög erfitt að komast inn á markaðinn í dag og þurfa fyrstu kaupendur að vera búnir að spara umtalsverðar fjárhæðir til að komast inn. Hlutdeildarlánin hafa hjálpað mörgum fyrstu kaupendum að komast inn á markaðinn en betur má ef duga skal. Að mínu mati vantar helst ódýrar litlar íbúðir inn á markaðinn og þar spilar hátt lóðaverð inn í. Mesta vöntunin er á ódýrustu eignunum.“

Það hefur mikið verið talað um skort á lóðum og sveitarfélögum kennt um sem hefur skapað spennu á markaði og háu verði, en þetta á ekki við í Garðabæ þar sem mikil uppbygging hefur á sér stað í bænum. Það eru margar íbúðir á sölu bæði á Álftanesi, í Eskiási og Urriðaholti – hvernig er salan í Garðabæ? „Garðabær hefur skapað sér sérstöðu meðal annarra sveitarfélaga með mikilli og góðri þjónustu við þá íbúa sem þar búa og fólk finnst gott að búa í Garðabæ. Eftirspurnin eftir þeim lóðum sem hafa komið á sölu er því mikil og lóðaverðið hátt. Salan og eftirspurnin hefur verið mjög góð í Garðabæ þó það geti tekið smá tíma að selja dýrari eignir.“

Á næsta og þar næsta ári má svo búast að íbúðir í Vetarmýri og Hnoðraholti fari í sölu, reiknið þið með að fasteignamarkaðurinn muni ná einhverju jafnvægi eða er viðvarandi skortur á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu miðað



Haraldur Björnsson

við spá um uppbyggingu á næstu árum með tilheyrandi hækkingum? „Miðað við þær spár sem hafa komið frá HMS þá mun vera viðvarandi skortur á húsnæði. Hátt vaxtastig veldur því einnig að verktakar halda að sér höndum og byggja ekki nægilega mikið. Allt helst þetta í hendur.“

Flatirnar vinsælar
Maður sér á fasteignavefum og auglýsingum að það er töluvert mikið af öllum gerðum af húsnæði í sölu í Garðabæ, jafnt íbúðum, rað- og parhúsum sem og einbýlishúsum. Er líka alltaf tölvverð eftirspurn eftir stærra eignum í Garðabæ og eru einhver hverfi í Garðabæ sem eru vinsælli en önnur? „Það er alltaf eftirspurn eftir góðum fjölskyldueignum í Garðabæ og í raun má segja að öll hverfin séu vinsæl þó að Flatirnar séu kannski hvað vinsælastar.“

Verðmeta eignir fólki að kostnaðarlausu
Og ef það eru einhverjir áhugasamir um að selja eða eru að leita sér að húsnæði, þá bjóðið þið upp á góða alhlíða þjónustu? „Auðvitað, við leggjum mikið upp úr persónulegri þjónustu og vönduðum vinnubrögðum. Ef það eru einstaklingar sem vita ekki alveg hvað þeir eru með í höndunum þá bjóðum við uppá að verðmeta eignir fólki að kostnaðarlausu,“ segir Haraldur og bætir við: „Það er alltaf velkomið að hafa samband í 545-0800 eða finna sölumann á www.gardatorg.is“

KRÓKUR Á GARÐAHOLTI

OPIÐ HÚS Í KRÓKI ALLA SUNNUDAGA Í SUMAR FRÁ KL. 11:30-15:30

Krókur á Garðaholti er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbýggður úr torfbæ árið 1923. Bílastæði eru við samkomuhúsið á Garðaholti.

Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

facebook.com/krokursafn/

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Öflugt félagsstarf eldri borgara



Undirbúingur fyrir félagsstarf eldri borgara í Garðabæ en nú í fullum gangi en í dag fimmtudaginn 22. ágúst verður haldin kynning í Jónshúsi þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að fá greinagóðar upplýsingar um það félagsstarf sem verður í boði á þessari haustönn á vegum Félags eldri borgara í Garðabæ og Jónshúss.

Starfsemi í Jónshúsi verður með svipuðu sniði og áður; skipulagðir verða mánaðarlegir viðburðir sbr. fyrirrestrar um efni er m.a. varðar hag og heilsu eldri borgara. Kaffihús Jónshúss mun sem fyrr bjóða upp á ljúffengar heimabakaðar veitingar sem þau Garðar og Joanna sjá um að töfra fram. Opnunartími Jónshúss mun lengjast á þriðjudögum og fimmtudögum í 8.00-17.00 en opnunartími aðra daga er sem fyrr 8.00-16.00.

Líkt og áður verða haldin listanámskeið í Smiðjunni; listmálun, leirlist, glerlist, smíði og síðast en ekki síst postulínsmálun sem

er nýtt námskeið í Smiðjunni. Námskeiðin hefjast í kringum miðjan september en nánari upplýsingar verða birtar á Facebook síðu Jónshúss og á kynningunni í Jónshúsi í dag. Þá hvetjum alla til að mæta á kynningardaginn í Jónshúsi í dag kl. 13.00-14.30.

Litlakot á Álftanesi opnar fimmtudaginn 5. september og verður dagskrá Félags eldri borgara á Álftanesi kynnt síðar.

Sem fyrr þá mun Félag eldri borgara í Garðabæ halda úti öflugri hreyfingarskrá þar allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þarna verða: Boccia, Dansleikfimi, Gleðijóga (stólajóga) Leikfimi, Linudans, Qi-gong, Vatsleikfimi bæði morgun og síðdegistimar, Zumba gold, auk Janusar Heilsueflingar. Gönguhópurinn fer eins og ávallt kl. 10.00 frá Jónshúsi. Félagið stendur fyrir öflugum félagsstarfi, skemmtunum og ferðalögum. Áfram verður spilað brigde á mánudögum og miðvikudögum og félagsvist á föstudögum.

Efla barna- og unglingastarf GKG



Undirritun! F.v. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, Jón Júlíusson, formaður GKG og Almar Guðmundsson. Fyrir ofan standa þeir Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG og Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður íþróttaráðs Garðabæjar

Garðabær og Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar hafa undirritað samstarfssamning með það meginmarkmið að leiðarljósi að efla áfram barna- og unglingastarf í golfi í Garðabæ.

Með samning Garðabæjar og GKG er lögð sérstök áhersla á að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum

fatlaðs fólks. Einnig að vinna áætlun varðandi eineltismál byggða á forvarnarstefnu og samskiptasáttmála Garðabæjar. „Það er sérlega gaman að fylgjast með því öflugra starfi sem GKG vinnur og hversu mikil og vaxandi ásókn hefur verið í ungmennastarfið,“ sagði Almar Guðmundsson við undirritununa sem átti sér stað á afmælistóti GKG. Gildir nýr samningur til ársloka 2025.

Helga fór holi í höggi á 4. braut í Leirdalnum

GKG kyflingar halda áfram að fara holi í höggi eins og ekkert sé sjálfsgaðara, en í síðasta tölublað var sagt frá þeim Brynjari Sverris og Sigga smíð sem fóru holi í höggi á dögnum.

Í síðustu viku bættist svo Helga Björg Steingrímsdóttir í hópinn þegar hún fór holi í höggi á 4. braut á Leirdalnum. Notaði Helga sjúna í draumhöggið. Vel gert Helga og til hamingju.



eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri
Váðgæðunni Kveðin

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30

Reykjavík | Sími 585 4800



MINNUM Á AÐ HÁDEGISMÁLTÍÐIR ERU NÚ GJALDFRJÁLSAR

BÚIÐ ER AÐ OPNA FYRIR ÁSKRFTIR!

SKRÁNING FER FRAM Á WWW.SKOLAMATUR.IS



Vefmiðill Garðapóstsins www.kgp.is - Facebook.com/Gardaposturinn.is

Fallegt menningarhaust framundan

Í lok mánaðar mega Garðbæingar eiga von á menningardagskrá haustins í Garðabæ inn um lúguna. Garðapósturinn er að vonum forvitinn um hvað verður í boði fram að jólum enda Garðbæingar orðnir vanir innihaldsríkri dagskrá á Hönnunarsafni Íslands, Tónlistarskóla Garðabæjar og á Bókasafni Garðabæjar. Þá fara hátíðir fram á Garðatorgi.

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi sem heldur utanum alla þræði og segir okkur frá því helsta sem er á dagskrá. „Við höfum undanfarin ár verið að prófa okkur áfram með hvað hentar íbúum Garðabæjar best og reynum að koma til móts við sem flesta hópa samfélagsins. Þegar ég segi við þá er það auk mín, viðburðastjóri bókasafnsins sem og forstöðukona Bókasafns Garðabæjar, safnstjóri Hönnunarsafns og nýr fræðslufulltrúi safnsins, en þessi glæsilega dagskrá væri ekki gerleg nema af því við erum allar á sömu línu og vinnum vel saman,” segir menningarfulltrúinn.

Fjölbreytt dagskrá á bókasafninu og Hönnunarsafni Íslands

Eru einhverjar nýjungar á dagskrá? „Bókasafnið býður uppá langa fimmtudaga allan októbermánuð en þá verður dagskrá á safninu frá kl. 19 til 21 og Seinni heims-

styrjöldin í brennidepli. Þá verður skemmtilegt að bjóða uppá foreldramorgna alla fimmtudaga í vetur þar sem skynjunarsmiðjur og svo fagleg fræðsla fyrir foreldra ungbarna verður í boði á Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi 7. Þá er það nýtt af nálinni að náttfatasögustundir verða á dagskrá fyrir 3-7 ára sem mæta þá á náttfötunum með uppáhalds tuskudýrið sitt og eiga notalega stund á Bókasafninu en slíkar kósistundir verða 17. september og 10. desember,” segir Ólöf og bætir við: Hvað varðar nýjungar á Hönnunarsafninu þá tengjast þær alltaf nýjum sýningum eða aðilum í vinnustofudvöl en textilfélagið sem fagnar 50 ára afmæli á árinu verður með tvær sýningar nú í haust á Pallinum. Nokkrir þeirra sem sýna á pallinum verða með fjölskyldusmiðjur og þannig verður skemmtileg tenging milli sýninga og viðburða. Þá verður sýnt spennandi verkefni sem þjóðfræðideild Háskóla Íslands hefur unnið að en afrastrukturinn er sýningin Örverur á heimilum sem er svoköllum heimsóknarsýning á fastasýninguna. Í tengslum við þetta eru svo viðburðir, hægt að læra að gera súrdeigsbrauð, fyrirlestrar, smakk og spjall.”

Ungt fólk sýnir hönnun og myndlist í október

Hverju mundir þú ekki vilja missa af? „Rökkvan, listahátíð þar sem ungt fólk fær

að koma fram og sýna hönnun og myndlist fer fram þann 12. október á göngugötunni Garðatorgi, nú í þriðja sinn. Hátíðin er alltaf breytileg því unga fólkioð okkar fær að blómstra og sumir sem áður hafa tekið þátt eru flognir á vit ævintýranna en það er einmitt það sem gerir hátíðina skemmtilega, hún er aldrei með sama sniði.”

Katrín Jakobsdóttir með glæpakviss á bókasafninu

Glæpakviss sem Katrín Jakobsdóttir leiði á bókasafninu 5. september kl. 17-19 er ótrúlega spennandi viðburður og svo missi ég ekki af því að gera áramótahatta á Hönnunarsafninu og stól fyrir uppáhalds bangsann minn en slík fjölskyldusmiðja fer fram 6. október.

Í fyrra vorum við svo heppin að fá óperuviðburð frá Óperudögum og núna ætlum við að bjóða uppá Óperugala sem fer fram í lok október en þar munu koma fram flottir óperusöngvarar og gera úr Garðatorgi 7 óperuhús í smá stund. Við erum reyndar í meira samstarfi við Óperudaga en Rannveig Káradóttir söngkona sem búsett er í Þýskalandi syngur á Tónlistarnæringu í nóvember en tónleikarnir sem venjulega eru 30 mínútur að lengd verða að þessu sinni klukkutími.

Nú eru aðventutónleikar Þýska sendiráðsins orðnir að föstu samstarfsverkefni við Menningu í Garðabæ og það er alltaf



Rökkvan verður haldin í 3. skipti þann 12. Október

yndislega hátíðleg stund þegar Vídalinskirkja fyllist af fólki sem gleðst saman á aðventunni og styrkir Slysavarnarfélagið Landsbjörgu,” segir hún.

Fólk elskar festu í líf sitt

Hvaða fastaliðir eru svo komnir til að vera? „Við höfum lært það að fólk elskar festu í líf sitt og þess vegna eru alltaf fjölskyldusmiðjur í Hönnunarsafninu fyrsta sunnudag í mánuði, alltaf Tónlistarnæring í mánuði og svo veglegir viðburðir á Bókasafninu þriðja laugardag í mánuði. Svo er það Aðventuhátíð Garðabæjar sem fer alltaf fram daginn fyrir fyrsta í adventu sem er að þessu sinni 30. nóvember.

Auk þessarar flottu dagskrár fyrir fjölskyldur eða fullorðna er alltaf verið að taka

á móti skólahópum á Bókasafni Garðabæjar, Hönnunarsafni Íslands, Minjagarðinum og Aftur til Hofsstæða og svo í Tónlistarskólanum,” segir Ólöf og bætir við að lokum: „Við hlökkum til að taka á móti Garðbæingum og öðrum góðum gestum á Bókasafni Garðabæjar, Hönnunarsafninu og í Tónlistarskóla Garðabæjar auk göngugöttunnar á Garðatorgi sem og Garðatorgi 7.”

Bæjarmolar

Vigdís les eins oft og hún getur



Lestarahestur 1. ágúst var hún Vigdís, 8 ára nemandi í Álfthanesskóla. Vigdís finnst gaman að lesa og les eins oft og hún getur á milli þess sem hún æfir fimleika, fótbolta og lærir á þverflautu. Hennar allra uppáhalds bækur eru bækkumar um Stjána og stríðnisþúkana. Í sumar hefur hún gert ýmislegt skemmtilegt en áður en skólinn byrjar ætlar hún á hip hop námskeið og til útlanda.

Lestarahestur vikunnar hefur verið dreginn út hvern fimmtudag í sumar, en sumarlesturinn lýkur formlega á laugardaginn, 24. ágúst með glæsilegri uppskeruhátíð klukkan 12.

Bæjarráð bendir á mikilvægi afreksstarfs

Íþróttasamband fatlaðra hefur óskað eftir að Kári Jónsson, íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúi Garðabæjar fái leyfi á launum til að fylgja íslenskum þáttakendum til Parísar á Paralympics/Ólympíumóti fatlaðra. Leikarnir standa yfir frá 28. ágúst til 8. september.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs á grundvelli reglna frá 28. júní 2022 um leyfi starfsmanna Garðabæjar til þátttöku í íþróttamótum án skerðingar launa.

Þá bendir bæjarráð á mikilvægi afreksstarfs og hvetur ríkisstjórn Íslands og Afrekssjóð ÍSÍ að stuðla að frekari eflingu afreksstarfs meðal íslenskra íþróttamanna meðal annars með greiðslu vinnutaps þjálfara, starfsmanna og íþróttafólks vegna þátttöku á Ólympíuleikum og öðrum alþjóðlegum mótum.



Viðburðir í tengslum við sýningar á Hönnunarsafninu fara reglulega fram.



Fjölskyldustundir í Hönnunarsafninu eru fyrsta sunnudag í mánuði



Ólaball á Garðatorgi 7 er orðinn að árlegri hefð

LÍKAMSÆKT B&Ó

EFTIRMIDDAGSTÍMAR

KARLAR
MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR
KL.17.50-18.40
KL.18.40-19.30

KONUR
MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR
KL.17.00-17.50

MORGUNTÍMAR

KONUR
MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR / FÖSTUDAGAR
KL.07.50-08.40



HAUSTNÁMSKEIÐ HEFST 2. SEPTEMBER

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN ÁSGARÐUR, GARÐABÆ

KOMDU Í
KARATE
FRÍR GALLI FYRIR BYRJENDUR

KARATESKÓLI
FYRIR BÖRN
FÆDD 2019



FRÍR PRUFUTÍMI

FRÍSTUNDASTYRKIR
SVEITAFÉLAGA GANGA
UPP Í ÆFINGAGJÖLD

Byrjendanámskeið fyrir börn, unglina og fullorðna
Byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir börn, unglina og fullorðna
Frábær líkamsrækt, styrkur, agi og skemmtun!

Skráning á breidablik.is
allar upplýsingar á Facebooksíðu deildarinnar

KARATEDEILD BREIÐABLIKS

Sendið okkur póst á karate@breidablik.is til að fá frekari upplýsingar



Garðabær tekur lán vegna skólahúsnæðis

Garðabær hefur samþykkt að taka lán að upphæð 1.000.000.000 kr. vegna endurbóta á skólahúsnæði sveitarfélagsins og vegna byggingar 3. áfanga Urriðaholtsskóla.



Um er að ræða lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð kr. 600.000.000. Um er að ræða jafngreiðslulán með lokagjaldsdaga 5. nóvember 2055, með 2,5% árlegum föstum vöxtum allan lánstímann. Virkir vextir eru í samræmi við lið 1.D og eru 3,85%. Lánið er með uppgreiðsluheimild. Er lánið tekið til fjármögnunar á endurbótum á skólahúsnæði sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjód sveitarfélaga.

Þá er annað lán tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga, samtals að fjárhæð kr. 400.000.000. Um er að ræða jafngreiðslulán með lokagjaldsdaga 20. febrúar 2039, með 4,25% föstum vöxtum og án uppgreiðsluheimildar. Er lánið tekið til vegna byggingar 3.áfanga Urriðaholtsskóla sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

Auglýsing um afreksstyrki ÍTG



Íþrótt- og tólmstundaráð Garðabæjar auglýsir eftir umsóknum frá íþróttafélögum um afreksstyrki fyrir einstaklinga og hópa, skv. afreksstefnu ÍTG grein 3.3, á vef bæjarins.

Úthlutunarreglur afreksstyrkja

Þeir aðilar, einstaklingar eða lið, sem til greina koma vegna afreksstyrkveitinga skv. gr. 3.3. eru:

- a. Þeir sem stunda einstaklingsíþróttir með íþróttafélagi í Garðabæ.
- b. Þeir sem eiga lögheimili í Garðabæ og stunda íþróttir með íþróttafélagi utan Garðabæjar, enda er viðkomandi íþróttgrein ekki stunduð í Garðabæ.

ÍTG getur einnig að eigin frumkvæði komið með tillögum til bæjarstjórnar um styrkveitingar, telji ráðið það eiga við.

Veittir styrkir eru hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna þjálfunar og keppni.

Allir íþróttamenn sem þiggja styrk skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanoftun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í bænum sé þess óskað af hálfu ÍTG.

Umsóknir um afreksstyrki skulu berast til íþrótt- og tólmstundaráðs Garðabæjar fyrir 10. september á þar til gerðum eyðublöðum á þjónustugáttGarðabæjar.

Með öllum umsóknum skal leggja fram afreksstefnu viðkomandi félags.

Upplýsingar veitir íþróttafulltrúi Garðabæjar s. 525 8548 eða karijo@gardabaer.is



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

„Eitthvað fyrir alla“ í Ballettskóla Eddu Scheving

Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á kennslu á þremur stöðum, í Kópavogi, í Grafarvogi og í Skipholti. Skólinn er að fara inn í 64 starfsár sitt, en skólinn var stofnaður árið 1961.

Ballettskóli Eddu Scheving sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett fyrir alla aldurs- hópa frá 2ja ára aldri en býður einnig upp á jazzballett og söngleikjadans fyrir forskóla og jazz/modern fyrir eldri nemendur. Ballett-fitness eru tímar fyrir fullorðna og svo eru Silfur-svanir sem er frábært prógramm fyrir 65 ára og eldri. Einnig býður skólinn upp á mat-pilates tíma.

Nýjungin hjá skólanum í ár er að bjóða upp á sér strákatíma fyrir aldurinn 3-9 ára. Við spurðum skólustjórann, Brynju Scheving af hverju að bjóða upp á sér strákatíma? „Ég hef hugsað þetta lengi en læt nú verða af því að bjóða upp á þetta. Fyrir rúmum 20 árum eða svo vorum við beðnar um að sjá um ballettkennslu í leikskóla. Við byrjuðum eins við vorum vanar að skipta í hópa eftir árgöngum en við höfðum aldrei verið með eins marga stráka í sama hóp. Oftast eru kannski 1-2 strákar í hóp að meðaltali. En orkan sem fylgdi svona fjölmennum hóp var svo mikil og drengirnir þurftu bara meiri útrás og meira fjör. Svo við skiptum upp hópunum í sér stelpu- og sér strákahópa. Allir nutu sín betur, stelpurnar blómstruðu í rólegra umhverfi og strákarnir fengu meira prógramm við sitt hæfi þar sem þeir þurftu að hreyfa sig meira, hoppa eins og superman eða leika dreka og rúlla eins og boltar sem dæmi,“ segir hún og bætir við: „Tækni- og undirstöðuæfingar eru að sjálfsögðu þær sömu hjá báðum hópunum og síðan voru æfingar sem hentuðu betur hvoru kyni um sig. Þannig fengu allir meira út úr tímanum. Ég held líka að þetta verði til þess að auka áhugann hjá fleiri strákum, þar sem þeim býðst að koma í sér strákatíma því einhverjum finnst kannski erfitt að koma og vera eini strákurinn í sínum hóp en svo



söngleikjadans og jazz/modern tíma fyrir alla.“

Mjúkir og léttir tímar

„Ballett fyrir fullorðna er skemmtilegt prógramm sem við höfum boðið upp á lengi og svo eru Silfursvanirnir eru frábærir tímar fyrir aldurinn 65 ára og eldri. Þar bjóðum við upp á mjúka og léttu tíma sem einkennast þó mest af tignarlegum hreyfingum, glæsileika og fallegri tónlist. Pilates tímarnir eru frábært kerfi til að styrkja miðju líkamans. Tímarnir byggjast á styrktar- og jafnvægisæfingum og djúpvöðvaþjálfun. Svo það er eitthvað fyrir alla,“ segir Brynja að lokum, en haustönn skólans hefst 11. september, skoða má allar upplýsingar á síðu skólans <https://bsch.is/>

Myndirnar eru teknar á nemendasýningu skólans í Borgarleikhúsinu þar sem allir nemendur frá 3 ára láta ljós sitt skína.

hentar það auðvitað öðrum og að sjálfsögðu má áfram skrá sig í blandaða hópa.“

Fjölbreytt námskeið í boði

Hvað er annað svona helst í boði hjá ykkur á komandi skólaári? „Við erum með margt í boði eins og tímar frá 2ja ára og upp úr. Það er einstaklega gaman að kenna þessum yngstu en jafnframt afar krefjandi. En svo er svo gaman að sjá árangurinn og hvað þessir ungu nemendur ná að gera og herma eftir okkur. Þau öðlast styrk og öryggi, þjálfu jafnvægi og finhreyfingar um leið og þau fá að njóta sín í alls konar leikjum og dönsum. Svo eykst þjálfun með hverjum stigi fyrir sig. Við bjóðum einnig boðið upp á jazzballett/

Stóðu uppi sem sigurvegarar í Viborg í Danmörku



Efri röð frá vinstri: Brynjar, Kári, Óli, Fannar, Jóhann, Birkir, Benedikt, Magnús, Brynjar, Sölmundur, Hjörtur, Patrek, Stefán, Úlfur, Unnar, Anton. Neðri röð frá vinstri: Vilhjálmur, Alexander, Aron, Gabríel, Trausti, Arnar, Friðrik, Sigurður, Thomas, Hugi, Arnór, Kári, Óttar. Liggjandi frá vinstri: Gunnar og Styrmir

Generation Handball er handboltamót sem er haldið árlega í Viborg í Danmörku, Nú var það haldið vikuna 28. júlí - 4. ágúst og þangað fór flottur hópur handboltastráka úr 5.fl.kk í Stjörnunni.

Mótið var mikil skemmtun frá upphafi til enda en allir leikir nema úrslitaleikir eru spilaðir úti á grasi og því ný upplifun fyrir okkar stráka. Þeir stóðu sig allir vel og sáust frábær tilþrif hjá öllum liðum Stjörunnar.

Auk handboltans er boðið upp á strandhandboltamót, sund, keilu, ferð í skemmtigarðinn Djuurs summerland og fleira

skemmtilegt þannig að svona mót er gleði frá upphafi til enda.

Lið 1 gerði sér lítið fyrir og vann mótið í sínum aldursflokki U13 eftir frábæra spilmennsku og var Brynjar Þór Björnsson valinn maður leiksins en hann átti flottan leik. Lið 2 fór í b-úrslit í sama aldursflokki en tapaði þar með tveimur mörkum á móti grænslensku liði eftir hörkuleik.

Eitt lið var skráð í U15 og fór það í millriðil A-úrslita en komst ekki upp úr riðlinum. Þeir voru að keppa við stráka sem voru flestir ári eldri en okkar strákar en stóðu sig virkilega vel í erfiðum aðstæðum og gáfust aldrei upp.

Að fara á mót erlendis er mikil og góð reynsla, bæði handboltalega séð en ekki síður frábært hópefli og var mjög gaman að sjá samstöðu, vináttu og gleði í Stjörnuhópnum bæði innan vallar sem utan og voru strákarnir duglegir að mæta og fylgjast með leikjum hjá hvor öðrum.

Það er ljóst að framtíðin er björt í handboltanum í Stjörnunni og verður gaman að fylgjast með þessum strákum áfram. Handknattleiksdeildin hvetur alla til að prófa að mæta á æfingu og bæstast í þennan frábæra íþróttahóp en æfingar hófust aftur um miðjan ágúst.

HAMRABORG
Listahátíð
í Kópavogi
FESTIVAL

29. ágúst -


5. september

Myndlist, gjörningar,
tónlist & vinnustofur
Visual art, performances,
music & workshops

Sýningar opnar:
29. ágúst - 5. september
Exhibitions open:
29 August - 5 September

Opnun hátíðar á Hálsatorgi
30. ágúst, kl. 16.30
Opening at Hálsatorg
30 august, 4:30 pm

Check out the program at
hamraborgfestival.is



Nýr Audi Q7 TFSI e

3,0 lítra V6 bensínvél með allt að 82 km drægni á rafmagni*

390 (55) til 490 (60) hestöfl

Loftþúðafjöðrun

Dráttargeta 3500 kg.

Yfirburðar hljóðeinangrun

*skv. WLTP

8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum

5
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk.

Sími 590 5000

www.hekla.is